

Garðabær 20. 10. 2022

Efni: Minnisblað um stöðu tónlistarkennslu í Garðabæ

Þann 07.04.2022 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til 6. (902). fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Á fundinum var tekið fyrir mál nr. 19. 2204065 - Tillaga um eflingu Tónlistarskólans í Garðabæ.

Áslaug Hulda Jónsdóttir kvaddi sér hljóðs og gerði grein fyrir eftirfarandi tillögu sem hún flytur ásamt Gunnari Val Gíslasyni.

„Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkir að efla tónlistarnám í Garðabæ. Fræðslu- og menningarsviði er falið að vinna minnisblað um stöðu tónlistarkennslu í bænum, m.a.:“

- *Samantekt á húsnæði Tónlistarskóla Garðabæjar ásamt kennslurýmum í grunnskólum bæjarins sem notuð eru til tónlistarkennslu í samvinnu við tónlistarskólann, gróf þarfagreining varðandi húsnæði TG næstu árin og fýsileiki þess að stækka núverandi húsnæði skólans við Kirkjulund.*
- *Skoðun annarra leiða til þess að auka framboð tónlistarnáms í bænum, t.d. með samstarfi við fleiri sjálfstætt starfandi aðila sem bjóða upp á tónlistarkennslu.*

Minnisblaðið verði unnið í samráði við skólastjóra TG, aðra skólastjórnendur og menningarfulltrúa Garðabæjar og tilbúið til umfjöllunar í bæjarráði fyrir vinnu fjárhagsáætlunar í haust.“

Greinargerð:

Hlutverk Tónlistarskólans í Garðabæ er að auka hæfni nemenda til að flytja, njóta og greina tónlist og gera þau að virkum hlustendum. Einnig að efla tónlistarlíf almennt í nær- og fjærsamfélaginu. Námið í skólanum er einstaklingsmiðað og leitast er við að kennsluaðferðir og viðfangsefni séu fjölbreytt og við hæfi hvers og eins. Hið hefðbundna nám í TG er í Kirkjulundi 11 en skólinn er einnig með starfsstöðvar í grunnskólum bæjarins þar sem kennt er eftir þörfum hverju sinni.

Þarfir fyrir tónlistarnám eru í sífelldri þróun og mikilvægt fyrir Garðabæ að meta reglulega stöðu mála. Huga þarf að því að efla starfsemi tónlistarskólans og faglega uppbyggingu hans. Fjölgun íbúa leiðir af sér að jafnframt er mikilvægt að huga að næstu skrefum í útvíkkun tónlistarkennslu. Mikið samstarf er við Klifið í Garðabæ þar sem kennt er á hljóðfæri án þess að nemendur séu í reglulegu tónlistarnámi. Kennsla hjá Klifinu fer fram eftir að hefðbundnu skólastarfi innan dagsins lýkur. Skoða þarf sérstaklega með hvaða hætti hægt er að efla enn frekar slíka „léttari“ tónlistarkennslu og samstarf bæjarins við aðila sem haft gætu veg og vanda að slíku.

Í fjárhagsáætlun Garðabæjar 2022 er fjárframlag í nýjan þróunarsjóð skapandi greina sem hugsanlegt er að nýta megi til þess að skapa e.k. þróunarverkefni varðandi tónlistarmál í bænum með það að markmiði að styðja enn frekar við ungt tónlistarfólk í Garðabæ sem er að stíga sín fyrstu spor á tónlistarbrautinni.

Áslaug Hulda Jónsdóttir.

Gunnar Valur Gíslason.

Um starfsemi Tónlistarskóla Garðabæjar

Meðfylgjandi minnisblað er unnið í framhaldi af framngreindri bókun.

Tónlistarskóli Garðabæjar (TG) var stofnaður 1964 og hefur gegnt lykilhlutverki í tónlistaruppeldi og menningarlífi bæjarins. Skólinn starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985.

Árið 1999 flutti skólinn í Kirkjulund 11 og gat kennsla þá farið fram á einum stað. Frá árinu 2000 hefur skólinn einnig kennt í grunnskólum Garðabæjar.

Skólinn starfar samkvæmt lögum um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla, reglugerð fyrir Tónlistarskóla Garðabæjar sem samþykkt er af bæjarstjórn Garðabæjar og Mennta- og menningarmálaráðuneytinu og aðalnámskrá tónlistarskóla.

Skólaárið 2022-23 stunda 512 nemendur nám við skólann, flestir á grunnskólaaldri eða 367. Á biðlista eftir námi eru 233. Flestir á biðlista óska eftir píanó-/Suzukipíanónámi eða 127, 60 gítarnámi og 12 óska eftir námi á slagverk/trommur. Það sem út af stendur skiptist svo á önnur hljóðfæri.

Á yfirstandandi skólaári starfa 45 háskólamenntaðir tónlistarkennarar í tæplega 31 stöðugildi við skólann og margir þeirra eru í fremstu röð tónlistaflytjenda. Af 45 kennurum skólans eru 31 kennari með 2-5 ára viðbótarnám eftir BA próf í tónlist. Fjöldi kennara í hverri grein er eftirfarandi: 13 píanókennarar og meðleikarar, 1 jazzpíanókennari, 7 blásarakennarar, 6 strengjakennarar, 5 gítarkennarar, 3 rafgítarkennarar, 1 harmonikukennari, 2 söngkennarar, 2 slagverkskennarar, 1 rafbassa/kontrabassa kennari, músíkþerapisti, auk kennara í tónfræðagreinum s.s. tónfræði, tónlistarsögu ofl.

Í skólanum fer fram kennsla á öll algengustu hljóðfæri. Boðið upp á fjölbreytt samspil og hljómsveitarstarf t.a.m. eru tvær strengjasveitir, þrjár blásarasveitir, eina stórsveit og 8 rytmísk samspil. Þá eru kenndar allar fræðigreinar sem tilheyra hverju námsstigi í samræmi við kröfur aðalnámskrár tónlistarskóla

Stærð tónlistarskólans gerir það að verkum að hægt er að bjóða upp á fjölbreytt tónlistarnám. Nemendur fá tækifæri til að taka þátt í margvíslegri tónlistariðkun og kynnast mörgum ólíkum tónlistarstefnum. Áhersla er lögð á að nemendur fái góðan grunn sem þeir geta byggt á óháð því hvaða leið þeir vilja fara í tónlistarnámi sínu. Markmið skólans er að bjóða upp á tónlistarnám við hæfi hvers og eins.

Tónlistarskóli Garðabæjar er í samstarfi við tónlistarskóla í nágrennasveitarfélögum til að auka fjölbreytni í skólastarfinu og til að koma til móts við nemendur í samspili og hljómsveitarstarfi auk tónfræðagreina. Má þar nefna sérstaklega Sinfóníuhljómsveit tónlistarskólanna sem er samstarfsverkefni 4 tónlistarskóla. Markmiðið með starfi Sinfóníuhljómsveitar tónlistarskólanna er að veita þeim sem komnir eru áleiðis í tónlistarnámi þjálfun í að leika í fullskipaðri hljómsveit. Ekki er á færi einstakra tónlistarskóla að starfrækja stóra sinfóníuhljómsveit.

Yfirlit yfir aðstöðu tónlistarskólans í grunnskólum Garðabæjar

Tónlistarkennslan fer fram í öllum grunnskólum Garðabæjar auk húsnaðis skólans í Kirkjulundi 11.

Skólinn hefur 18 stofur til kennslu í grunnskólunum en þær verða 20 innan fárra ára. Í sumum skólanna eru kennslustofur ekki hannaðar með tónlistarkennslu í huga og í þeim stofum er starfsaðstaðan ekki góð m.a. með tilliti til hljóðvistar, rýmis ofl.

- Álftanesskóli
 - aðstaða að mestu til fyrirmyndar enda rýmið hannað sem tónlistarskóli inni í húsnæði grunnskólans. Þar vantar tónfræði- og samspilsstofur.
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
 - kennsla fer fram í sal skólans sem jafnframt er kennarastofa og ljósritunaraðstaða kennara. Miklar hömlur eru á því hvenær hægt er að kenna þar sem margir eru um rýmið.
- Flataskóli
 - sl. ár hefur skólinn haft þrjár kennslustofur sem eingöngu eru fyrir tónlistarkennslu. Tvær af kennslustofunum er með slæm loftgæði og sú þriðja mjög lítil.
- Garðaskóli
 - kennt er í tónmenntastofunni þegar hún er laus og eingöngu er hægt að kenna á hljóðfæri sem eru „hljóðlítill“ s.s. gítar, því hljóðvíst í skólanum er ekki góð og önnur kennsla á vegum TG myndi trufla kennslu í Garðaskóla. Þá hefur skólinn fengið að nota gluggalaust rými sem er fyrir framan tónmenntastofuna.
- Hofstaðaskóli
 - Þrjár kennslustofur til afnota. Tvær eru nokkuð góðar en sú þriðja hentar verr til tónlistarkennslu enda var það áður rými hjúkrunarfræðings og hannað sem slíkt.
- Sjólandsskóli
 - Þrjár kennslustofur sem TG hefur til afnota þ.a. tvær gluggalausar. Stofurnar eru á sérgangi sem er mjög hentugt fyrir starfsemi TG.
- Urriðaholtsskóli
 - Skólinn mun á næstu árum fá fjórar kennslustofur til afnota. Á yfirstandandi skólaári höfum við tvær stofur. Allar stofurnar eru til fyrirmyndar, bjartar og fallegar.

Fjöldi tónlistarnema eftir grunnskólum og sem hlutfall af heildarfjölda nemenda í hverjum skóla

Grunnskólar í Garðabæ	Fjöldi nemenda í TG	Fjöldi nemenda í grunnsk.	hlutfall í TG
Alþjóðaskólinn	2	34 með lögh. Í GB af 99	6%
Álftanesskóli	66	366	18%
Hjallaskóli	26	122 með lögh. Í GB af 133	21%
Flataskóli	83	362	23%
Garðaskóli	18	626	3%
Hofsstaðaskóli	116	520	22%
Sjólandsskóli	39	245	16%
Urriðaholtsskóli	17	219	8%
Samtals	367		

Vert er að taka fram að það eru ekki allir nemendur í grunnskólum Garðabæjar sem sækja tónlistartíma á skólatíma grunnskólans en þeim fækkar eftir því sem nemendur verða eldri. Markmiðið er að bjóða yngri nemendum grunnskólans upp á kennslu á skólatíma í samræmi við stefnu sveitarfélagsins.

Framtíðarsýn

Garðabær hefur um langt árabil skipað sér í fremstu röð sveitarfélaga á landinu þegar kemur að aðgengi að tónlistarnámi fyrir íbúa og því mikilvægt að stækkun skólans fylgi íbúaþróun í sveitarfélaginu.

Nemendum á biðlista eftir námi í TG hefur fjölgað jafnt og þétt síðustu ár og virðist sú fjölgun fylgja íbúafjölgun í Garðabæ.

Húsnæðismál tónlistarskólans gera það að verkum að ekki er hægt að fjölga nemendum, nema í Urriðaholtsskóla. Þátt fyrir að skólinn fengi aukin stöðugildi til að vinna á biðlistum þá vantar kennslustofur.

Það er mat tónlistarskólans að byggja þurfi við húsnæði skólans í Kirkjulundi og jafnframt tryggja að í þeim grunnskólum sem bærinn á eftir að byggja og þar sem endurbætur fara fram verði gert ráð fyrir tónlistarkennslu í sérrými.

Við stækkun á húsnæði skólans í Kirkjulundi þarf að gera ráð a.m.k. þremur kennslustofum fyrir samspil, tónfræðigreinar og hljóðfærakennslu t.a.m slagverkskennslu, Suzukipíanó og rytmísktpíanó. Stærð þessara stofa þarf að vera ca. 35 – 40 m². Þá þarf að gera þarf ráð fyrir um 7 kennslustofum sem væru 13 m² og 17 m² að stærð.

Í Kirkjulundi fara fram allar hljómsveitaræfingar og stærstur hluti samspila auk kennslu í tónfræðagreinum og því mikilvægt að aðstaða sé til staðar fyrir þessa miðlægu starfsemi.

Bæta þarf vinnuaðstöðu kennara í Kirkjulundi s.s. stækka vinnuherbergi, ljósritunaraðstöðu, nótnabókasafn, kennarastofu og alhliða fundarherbergi.

Breyta þarf stjórnenda- og ritararaðstöðu. Færa þarf aðstöðu aðstoðarskólastjóra úr afgreiðslu skólans og bæta aðstöðu skólastjóra til að taka á móti fólki og helst að færa frá afgreiðslu. Erfitt er að áætla fermetrafjölda á slíka stækkun en núverandi aðstaða er 84 m². Vinna þarf sérstaka þarfagreiningu vegna vinnuaðstöðu starfsmanna.

Bæta þarf aðstöðu nemenda í Kirkjulundi til samveru og náms.

Hugmyndir hafa komið fram um að í viðbygginu gæti verið lítill salur með sérinngangi sem hægt væri að aðskilja frá skólanum og nota fyrir minni tónleika á vegum bæjarins. Slíkur salur gæti verið um 100 m² að stærð auk salernisaðstöðu.

Húsnæðið í Kirkjulundi setur okkur miklar skorður í skipulagi skólastarfsins og gerir það að verkum að kennsla fer fram til kl. 19 flesta daga og samspil og hljómsveitaræfingar eru til kl. 21.30 mörg kvöld vikunnar. Þá er nánast ekkert svigrúm til að mæta breytingum í töflu hjá nemendum eftir að kennsla hefst á haustin. Með auknu húsnæði gæti kennsla og hljómsveitarstarf/samspil farið fram að mestu fyrir kvöldmat sem væri til mikilla bóta fyrir nemendur og kennara.

Í húsnæði skólans á Álftnesi vantar samspils- og hóptímastofur um 30 – 35 m² sem eingöngu væru fyrir tónlistarskólann.

Aukin stöðugildi

Gera má ráð fyrir um þremur stöðugildum til tónlistarkennslu í grunnskólum Garðabæjar m.v. nemendafjölda í grunnskólunum.

Á næstu árum þarf um 3 stöður tónlistarkennara í Urriðaholtsskóla til að mæta auknum nemendafjölda þar og um 4 stöðugildi í Kirkjulundi til að mæta miðlægri kennslu og hljómsveitarstarfi/samspili, eða samtals 7 stöðugildi.

Önnur tónlistarkennsla í Garðabæ

Klifð

Mikilvægt er að efla starfsemi Klifsins til að mæta nemendum sem kjósa tónlistarnám sem ekki er bundið námskrá. Bent er á að Klifð nýtir aðstöðu tónlistarskólans og hljóðfærakost í Sjólandsskóla auk þess að halda tónleika í sal tónlistarskólans. Um þessa þætti er mjög gott samstarf.

Ósk um stofnun listaskóla í Urriðaholti (viðhengi 1)

Sveitarfélaginu barst erindi nr. 2202392 um stofnun Listaseturs frá Stefáni Hauki Gylfasyni (sjá viðhengi) Bæjarstjórn á eftir að taka afstöðu til erindisins. Í því sambandi er rétt að benda á Lög um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985 þar sem segir m.a..

I. kafli. Stofnun tónlistarskóla.

1. gr.

Með tónlistarskóla er í lögum þessum átt við skóla sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:

1. hefur a.m.k. einn fastan kennara auk stundakennara;
2. starfar minnst sjö mánuði á ári og lýkur með prófum og opinberum nemendatónleikum;
3. [kennir samkvæmt námskrá ¹⁾ útgefinni af ráðuneytinu eða námslýsingu sem hlotið hefur staðfestingu ráðuneytisins; ráðherra er heimilt að fela Menntamálastofnun að staðfesta námslýsingu; ef námskrá skortir skal hverjum nemanda veitt kennsla í aðalnámsgrein eina stund á viku; auk þess séu a.m.k. tvær aukanámsgreinar kenndar í hóptímum (tónfræði, tónheyrn, tónlistarsaga og samleikur)]; ²⁾
4. hefur a.m.k. 30 nemendur sem stunda nám til viðurkenndrar prófraunar;
5. hefur hlotið sérstakt samþykki [ráðuneytisins] ³⁾ og jafnframt samþykki viðkomandi sveitarstjórnar ef skóli er rekinn af þriðja aðila.

¹⁾ Augl. 529/2000. ²⁾ [L. 91/2015, 10. gr.](#) ³⁾ [L. 126/2011, 111. gr.](#)

3. gr.

Aðrir aðilar en sveitarfélög geta sett á fót tónlistarskóla sem njóta skal styrks samkvæmt ákvæðum laga þessara. Áður en slíkur skóli hefur starfsemi skal senda greinargerð um fyrirhugaða stofnun hans til viðkomandi sveitarfélags og til [ráðuneytisins]. ¹⁾ Skal þar greint frá því m.a. hverjir séu stofn- og ábyrgðaraðilar skólans, hvaða húsnæði hann hafi til afnota og hvaða greinar tónlistar ætlunin sé að leggja áherslu á. Greinargerðin skal hafa borist viðkomandi sveitarfélagi eigi síðar en 15. apríl ásamt rekstraráætlun og drögum að starfsreglum fyrir skólann. Sveitarstjórn skal fjalla um greinargerðina og taka afstöðu til þess hvort hún fallist á greiðslur til skólans úr sveitarsjóði.

Ef fyrirhugað starfssvæði skólans er fleiri en eitt sveitarfélag skulu viðkomandi sveitarstjórnir fjalla um málið á sama hátt og skal þá jafnframt taka afstöðu til þess hvernig kostnaðarskipting skal vera milli sveitarsjóða og hver skal vera greiðsluaðili fyrir skólann.

... ²⁾

Skólanefnd, skipuð fulltrúum eignaraðila, fjallar um málefni skólans og fer með fjárreiður hans. Viðkomandi sveitarfélag skal ávallt eiga fulltrúa í nefndinni.

¹⁾ [L. 126/2011, 111. gr.](#) ²⁾ [L. 87/1989, 65. gr.](#)

4. gr.

[Stofnkostnaður tónlistarskóla greiðist af stofnendum hans.] ¹⁾

¹⁾ [L. 87/1989, 66. gr.](#)

5. gr.

Tónlistarskólar þeir, sem starfandi eru og styrk hafa hlotið fyrir gildistöku laga þessara, skulu halda staðfestingu sinni enda fullnægi þeir lágmarkskröfum samkvæmt lögum þessum. Ef skóli er rekinn á vegum sveitarfélags skal semja reglugerð samkvæmt ákvæðum 2. gr. eigi síðar en 6 mánuðum eftir

gildistöku laganna. Ef skóli er rekinn á vegum annarra aðila, skal senda [ráðuneytinu] ¹⁾ starfsreglur hans innan sama tíma.

¹⁾[L. 126/2011, 111. gr.](#)

6. gr.

Ef tónlistarskóli, sem styrks hefur notið, hættir störfum skal sveitarfélagið varðveita eignir skólans (hljóðfæri o.fl.) þar til eignanna er þörf við rekstur annars tónlistarskóla á sama starfssvæði.

II. kafli. Rekstur tónlistarskóla.

8. gr.

Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu senda áætlun um kennslu á næsta fjárhagsári til viðkomandi sveitarstjórnar eigi síðar en 1. maí ár hvert. Skal jafnframt í greinargerð skýra fyrirhugaðar breytingar á kennslu og kennslumagni. ... ¹⁾

[Sveitarstjórn skal taka afstöðu til áætlunar skólans og gera samkomulag við skólastjórn um kennslu og starfsmannahald fyrir 1. júlí ár hvert.] ¹⁾

¹⁾[L. 87/1989, 68. gr.](#)

9. gr.

Starfsmenn tónlistarskóla, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, en njóta styrks samkvæmt lögum þessum, skulu njóta launa í samræmi við kjarasamninga sem [launanevnd sveitarfélaga gerir] ¹⁾ við stéttarfélög þeirra á hverjum tíma, en þeir teljast starfsmenn viðkomandi skóla nema öðruvísi sé um samið. Þeim er heimil þátttaka í söfnunarsjóði lífeyrisréttinda eða öðrum þeim lífeyrissjóði sem viðkomandi starfsmaður á aðgang að.

¹⁾[L. 87/1989, 69. gr.](#)

10. gr.

Tónlistarskólar, sem eigi eru reknir af sveitarfélögum, skulu fá greiddan úr sveitarsjóði launakostnað kennara og skólastjóra í samræmi við rekstraráætlun og þær breytingar sem verða á launatöxtum í samræmi við framangreinda kjarasamninga. Greiðsla skal fara fram mánaðarlega samkvæmt nánara samkomulagi milli skólastjórnar og sveitarstjórnar. ... ¹⁾

¹⁾[L. 87/1989, 70. gr.](#)

Samantekt

Fjölgun íbúa í Garðabæ kallar á fjölgun nemenda í Tónlistarskóla Garðabæjar og samhliða því aukið rými til tónlistarkennslu. Mikilvægt að kennslurými séu hönnuð sérstaklega til tónlistarkennslu með þarfir nemenda og kennara að leiðarljósi og að ávallt sé gert ráð fyrir sérrými fyrir tónlistarkennslustofur í nýjum og endurbættum grunnskólum bæjarins. Áriðandi er að taka afstöðu til stækkunar húsnæði skólans í Kirkjulundi sem fyrst þar sem stærstur hluti miðlægrar starfsemi fer fram auk kennslu eldri nemenda. Taka þarf afstöðu til umsóknar um stofnun nýs listasskóla í Urriðaholti og þeirra skuldbindinga sem það hefur í för með sér fyrir Garðabæ.

Sviðstjóri fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar, skólastjóri Tónlistarskóla Garðabæjar og menningarfulltrúi Garðabæjar